



Forsætisnefnd

Nýr viðauki við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna embættisafgreiðslna sviðsstjóra unnhverfis- og skipulagssviðs.

Á skrifstofu borgarstjórnar hefur verið unnið að því í samvinnu við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að bregðast við ábendingum sem fram koma í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Eins og forsætisnefnd er kunnugt um taldi úttektarnefndin þörf á því að samræmdar yrðu reglur um ráðningar tiltekinna starfsmanna borgarinnar til að draga úr hættu á því að pólitísk sjónarmið ráði við ráðningar starfsmanna frekar en fagleg sjónarmið. Nú þegar hefur verið brugðist við þessari ábendingu að hluta með nýlegum breytingum á samþykktum skóla- og frístundaráðs og viðauka við embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna ráðninga skóla- og leikskólastjóra á þann hátt að sviðsstjóri annast nú ráðningar þeirra í stað fagráðsins áður.

Í lögum um mannvirki og skipulagslögum er að finna ákvæði þess efnis að sveitarstjórn annast ráðningu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa og hefur borgarráð annast ráðningu þessara starfsmanna. Í því skyni að koma til móts við áður tilvitnaðar athugasemdir úttektarnefndarinnar hefur verið unninn nýr viðauki við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna embættisafgreiðslna sviðsstjóra unnhverfis- og skipulagssviðs þar sem gert er ráð fyrir því að ráðningarnar færist yfir til sviðsstjóra. Einnig er að finna í tillögunni hefðbundin ákvæði um afgreiðsluheimildir og mögulega endurupptöku, sem eru sambærilegar og í öðrum viðaukum um fullnaðarafgreiðsluheimildir.

Er mælt með því að forsætisnefnd vísi viðaukanum til samþykktar borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

VIÐAUKI 2.5.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs og borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar og 1.mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðningu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- b. Ráðningu byggingarfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 120/2010
- c. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulegum fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsráðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.